

Rekstrarform Nýsköpunargarða ehf.

Með þessum lögum er starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar (NMÍ) lögð niður og í staðin stofnað einkahlutafélag um þann hluta starfseminnar sem snýr að tæknirannsóknum.

Tæknistofnanir eru reknar í öllum Evrópulöndum. Háskólar sjá um kennslu og grunnrannsóknir en tæknistofnanir taka þá þekkingu og sinna hagnýtum þróunarverkefnum í samvinnu við atvinnulífið. Allstaðar í Evrópu er um blandaða fjármögnun að ræða, ríkið kemur með grunnfjármögnun og restina sækja stofnanirnar í samkeppnissjóði eða sölu þjónustu til fyrirtækja. Rekstrarformið er að jafnaði ríkisstofnun eða sjálfseignarstofnun með þjónustusamning við ríkið. Nálæg ríki með mjög öflugar tæknistofnanir má nefna Finnland (VTT), Noregur (SINTEF), Þýskaland (Fraunhofer) og Holland (TNO). Það eru dæmi um ríki hafi viljað minnka hlutverk sitt á þessu sviði en þær aðgerðir hafa ekki orðið happadrjúgar fyrir starfsemina. Þar má nefna að Thatcher stjórnin færði tæknistofnanirnar yfir í einkaréttarleg form og dró mikið úr stuðningi. Þær vesluðust upp á mislögum tíma. Í Svíþjóð hefur hlutafélagsformið gengið, margar stofnanir voru að hluta í eigu iðnaðarins en það gekk illa, ríkið hefur nú sópað þeim saman undir eitt félag í sinni eigu (RISE).

Fleiri en ein eitt rekstrarform geta gengið upp, svo framarlega sem ríkið tryggi starfseminni árlegt rekstrarfé. Ef það er á einkaréttarlegum grunni þarf jafnframt myndarlegt stofnfé til að skapa fyrirtækinu trúverðleika til að geta stýrt alþjóðlegum þróunarverkefnum eins og NMÍ hefur gert. Stofnun ehf. um tæknirannsóknir getur því orðið kostnaðarsöm ef fyrirtækið á að hafa þá burði til tæknirannsókna sem NMÍ hefur. Þetta hefur rektor HÍ einnig bent á í umsögn sinni og hvaða ókosti ehf. formið hefur fyrir starfsemi Nýsköpunargarða.

Ekki er komist hjá því að svona starfsemi sé á fjárlögum með verulegt framlag og því heppilegast að okkar mati að ráðuneytið sem hafi með þróun atvinnulífs að gera hafi beina aðkomu að rekstri þess sem ríkisstofnunar.

Verði þessi breyting að veruleika verða tæknirannsóknir ríkisins starfrækt á þremur ólíkum rekstrarformum, ríkisstofnun (t.d. Ísor), ohf. (Matis) og svo þetta nýja ehf. Sterkast væri að sameina þær og samræma þar með rekstrarformið. Tilkoma frumvarpsins lýsir hins vegar stefnuleysi í málaflokki tæknirannsókna sem flækir aðra starfsemi ríkisins. Þar má nefna starfsemi Tækniþróunarsjóðs (TPS) sem býður upp á styrki fyrir fyrirtæki á mismunandi þroskastigum og einnig styrkjaflokkinn „Hagnýt rannsóknarverkefni“ sem er fyrir „háskóla, opinberar rannsóknastofnanir og opinber fyrirtæki“. Hið nýja fyrirtæki sem hér er ætlunin að stofna er ekki opinbert fyrirtæki, það fellur í einn flokk hjá TPS, en markmiðið með starfseminni í annan. Það verður verulegur hausverkur fyrir TPS að lagfæra skilgreiningar þannig að sama gildi fyrir alla tækniþróun á vegum ríkisins án þess að skilgreiningarnar verði svo óljósar að það bjóði upp á misnotkun. Svipuð vandamál verða væntanlega víðar í kerfinu á meðan stefnuleysið ræður för.

Umsögn #2 í samráðsgáttinni inniheldur sögu um hvernig eitt fyrirtæki gat leitað til NMÍ eftir prófun/mati þar sem það reyndist mjög verðmætt að það kæmi frá opinberum aðila. Við þekkjum ekki þessa einstöku sögu en hún er ekki einsdæmi. Þetta gerist reglulega að fyrirtækin í landinu þurfi tæknilegan stuðning þar sem staða NMÍ sem opinberrar stofnunar skiptir máli. Hætt er við að trúverðugleikinn minnki með breyttu rekstrarformi og þessi stuðningur við íslenskt atvinnulíf verði rýrari.

Sé vilji ráðuneytisins að fara í róttækar breytingar á starfseminni væri mun betri leið að endurskoða starfsemi NMÍ án þess að breyta um rekstrarform.

Færsla verkefna í nýtt rekstrarform; Nýsköpunargarða

Sé það hins vegar trú löggjafans að einkahlutafélag henti rekstrinum betur þá eru hér ábendingar um hvernig megi bæta frumvarpið nokkuð:

2. mgr. 3. gr. „Félagið skal vera óhagnaðardrifið og ekki greiða út arð til hluthafa.“ Hér væri betra að segja „Félagið skal vera óhagnaðardrifið, ekki greiða út arð til hluthafa og sé undanskilið tekjuskatti“. Tekjuskattslögin kveða á um að lögaðili geti verið undanskilin tekjuskatti ef sérlög kveði svo á, hér væri tekinn af vafi um slíkt. Með þessu væri tryggt að erlendir fjármögnunaraðilar verkefna sem krefjast „non-profit status“ telji fyrirtækið non-profit og að hluti hagnað renni ekki til eigandans í formi tekjuskatts.

4. gr. „Sá ráðherra er fer með eignir ríkisins skal fara með hlut ríkisins í félaginu“. Hér væri betra að segja „Sá ráðherra er fer með tækniþróun og nýsköpun skal fara með hlut ríkisins í félaginu“. Það er ekki einhlýtt hvaða ráðuneyti fari með eignir, t.d. fer samgönguráðuneytið með vegina. Þetta orðalag í frumvarpinu gefur hins vegar til kynna að fjármálaráðuneytið eigi að fara með hlut ríkisins í þessu félagi, skipa stjórn og meta hæfileg framlög til þess. Það væri ekki heppileg niðurstaða vegna lítillar fagþekkingar á þessu sviði í því ráðuneyti. Ráðherra nýsköpunarmála áformar stórfjölgun starfa í ráðuneytinu á sviði nýsköpunar samhliða því að leggja niður NMÍ. Heppilegra er að sú fagþekking sem þar er áætlað að verði sé nýtt til að fara með hlut ríkisins.

12. gr. „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021.“ Hér væri betra að segja „Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021.“ Það er þegar orðið ljóst að lög þessi verða ekki samþykkt frá alþingi fyrr en í fyrsta lagi rétt undir áramót. Þá á eftir að skipa stjórn Nýsköpunargarða sem ræður forstjóra sem ræður starfsmenn. Þeir starfsmenn þurfa svo að færa verkefnasamninga frá NMÍ til nýs lögaðila. Suma samninga er fljótlegt að færa en samninga um evrópsk verkefni má gera ráð fyrir að taki 3-6 mánuði að færa. Í viðræðum við starfsmenn NMÍ hefur ráðherra sagt að gefinn verði sá tími sem þurfi eftir áramót til að færa verkefnin til nýs lögaðila. Slíkt er hins vegar í andstöðu við þetta ákvæði frumvarpsins svo og bráðabirgðaákvæði I og II sem kveða á um að engin starfsemi sé á NMÍ eftir áramótin, einungis uppgjör. Í þessari stöðu er hreinlegast að fresta gildistöku laganna um hálf ár til að nægur tími sé til undirbúnings breytinga. Þess má geta að NMÍ tók til starfa 1. júlí 2007, mitt ár er alveg eins heppilegur tími til breytinga og áramót.

Auk þessara breytinga á frumvarpinu þarf að tryggja í fjárlögum nægt stofnfé, fé til reksturs og fé í samkeppnissjóð um byggingarannsóknir sem greinargerð með frumvarpinu tilgreinir.

F.h. starfsmanna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands